

Reykjavíkurvegur 54
Hafnarfirði

Svar við fyrirspurn Bjarka Jó hannessonar og Helgu Stefánsdóttur

Spurt er um hljóðstig ef 5 dælar væru í gangi samtímis. Væru allar 5 dælar í sama rými í gangi samtímis myndi hljóðstigið hækka um 7 dB, og yrði um 92 dBA. Nú er hver dæla í sjálfstæðu rými og þau í röð, þannig að samlegð hljóðs í nokkurri fjarlægð frá dyrum væri varla meiri en sem svarar hljóði frá 2 dælum, eða hækkun um 3 dB. Hljóðstig 14 m frá dyrum yrði þá um 73dBA.

Áætlun, útreikningur eða mat á hljóðstigi við íbúðarhúsið út frá fyrirbyggjandi hljóðstigsmeilingu er erfitt að gera. En með því að gefa sér ákveðnar forsendur og reikna með að hljóðstig frá hljóðgjafa lækki utanhúss um 6 dB við tvöföldun fjarlægðarinnar frá honum má nálgast niðurstöðu, sem gæti gefið grófa hugmynd um hljóðstigið við íbúðarhúsið.

Dæluhúsið sjálft má líta á sem skermvegg og myndar hann ákveðinn hljóðskugga fyrir íbúðarhúsið gagnvart hljóði norðan dæluhúss, sérstaklega hvað varðar hátíðnihljóð. Samkvæmt mælingunni var hljóðstig um ca 15 dBA lægra 14 m frá opnum dyrum á dæluhúsinu. Fjarlægð frá norðurlóð dæluhúss að íbúðarhúsi er um 45 m og miðað við sambærilega hljóðstigs-lækkun gæti verið um 25 dB lækkun auk áhrifa skermveggisins sem gætu verið allt að 7 dB. Ef gert er ráð fyrir að hljóðstig norðan dæluhúss sé 80 dBA yrði hljóðstig við íbúðarhús um 48 dBA.

Seltjarnarnesi 1.12.2014

Gunnar Hans Pálsson